

Atvinnuvega og nýsköpunaráðuneytið

Jón Prándur Stefánsson.

Athugasemdir við greinargerð með sérreglum um byggðakvótaúthlutun og beiðni um undanþágu frá vinnslusamningi.

Undirritaður harnar að ekki hafi verið haft samráð við nema hluta hagsmunaaðila við gerð þessarar greinargerðar.

Athugasemdir verða gerðar um hverja mäsgrein fyrir sig.

1. Við erum sammála því sem kemur þarna fram, að mestu leyti, eðlilegt er að vinnslu og löndunarskylda sé á byggðakvóta, almennt teljum við ekki að þær breytingar hafi orðið á fjölda vinnsluaðila, á litlum stöðum eins og Súðavík hafa almennt ekki verið fleiri en einn stór vinnsluaðili að sjávarfangi.
2. Þarna er talað um vísi að vinnsu sé til staðar, þarna er líka farið með rangfærslur td hvað varðar lifur, lifur er fullunnin afurð tilbúinn til neyslu, fullvinnsla, hráefni í þessa vinnslu kemur víða að, td Fiskmarkaðurinn í Bolungarvík, Jakob Valgeir Bolungarvík, Fiskvinnslunni Íslandssögu hf Suðureyri, skipum HG og sjálfsagt víðar, þarna safna menn saman hráefninu á einn stað til þess að geta búið til hagkvæma einingu. Við lifrarvinnsluna starfa 10 manns. Þá má benda á þá staðreynd að hluti áhafna á skipum Hraðfrsystihússins Gunnararar er með heimilisfesti í Súðavík og greiðir skatta og skyldur þangað. Harðfiskur er fullunnin matvara tilbúin til neyslu, fullvinnsla. Í greinargerðinni er því haldið fram að aðeins lítill hluti þess afla sem landað er til Vestfisks Súðavík fari til harðfiskvinnslu. Í meðfylgjandi töflu eru kaup Vestfisks á hráefni til vinnslunnar á árinu 2021, þar kemur fram að keypt eru 260 tonn af heilum fiski ýmist slægðum eða óslægðum, ásamt því að keypt eru 105 tonn af flökum og flakahlutum frá Fiskvinnslunni Íslandssögu hf og um 500 kg frá HG af hliðstæðri vöru. Niðurstaða töflunnar er að keypt eru 260 tonn af heilum fiski sems seld eru til Fiskvinnslunnar Íslandssögu, Íslandssaga hf selur Vestfiski flök og flakahluta 105 tonn sem eru um 350 tonn af heilum fiski uppúr sjó. Það er því beinlínis rangt að lítill hluti landaðs afla í Súðavík fari til vinnslu þar, hann endar allur þar og meira til. Hjá Vestfiski störfuðu að meðaltali 8 manns á árinu 2021.

	Heill fiskur	
Berg	4.451	
Akravík	33.938	
Amen	29.050	
Litli Múli	36.290	
Seaangling	104.689	
Vestf Flateyri	51.742	
	260.160	
	Flök	Heill fiskur
Fiskvinnslan	105.340	351.133
HG	530	1.767
		352.900

3. Við teljum það gott að það sé til staðar vinnsluaðili í Súðavík sem er í stakk búinn til þess að kaupa fisk til vinnslu og skapa þannig störf í Súðavík, en eins og fram kemur í greinargerð, þá finnst sveitarstjórn vera frekar fábrotið atvinnulíf í sveitarfélaginu. Það er rétt að núverandi eigendur Vestfisks Súðavík haf rekið starfsem félagsins í leiguhúsnæði sem er í eigu Hraðfrsythússins Gunnvarar, þannig hefur það verið frá árinu 2008, þannig varð það fyrir tíma núverandi eigenda. Farið er rangt með eigendahóp VF, raunverulegir eigendur eru Klofningur eh 50 % Gunnar Þór Gunnarson, Rekstrarlausnir ehf 25% Klettálfur ehf félag á vegum Kristins Erlings Jónssonar húseiganda og íbúa í Súðavík 12,5% og Fiskvinnslan Íslandssaga hf 12,5%. Aurora Seafood á og rekur skipið Klett sem sérhæft er til sæbjúgnaveiða, heimilifesti félagsins er í Súðavík ásamt því að Klettur er með heimahöfn þar, eigandi Tinds er sá sami, Klettur er ekki útbúinn til bolfiskveiða, því var brugðið á það ráð að nota Tind í verkefnið, einmitt vegna þess að alltaf hefur staðið útaf einhver byggðakvóti sem átt hefur verið eftir að veiða, þetta er í fyrsta skifti sem að þetta er gert en alltaf frá því að Vestfiskur fór að koma að úthlutun og kaupum á byggðakvóta í Súðavík hefur ekki tekist að veiða útgefin byggðakvóta, hvað svo sem veldur því. Í samningum um byggðakvóta kemur fram að miða skuli við verð frá Verðlagsstofu Skiptaverðs sem lágmarksverðs í viðskiftum með byggðakvóta, það er gert til þess að tryggja stöðugleika í verðlagningu þess afla svo allir fái eitthvað fyrir sinn snúð, ég minni á að byggðakvóti er úthlutun á verðmætum sem ekki þarf að leggja út fyrir heldur er ætlast til að það komi til hagsbóta til þess svæðis sem honum er úthlutað á, verðmyndun frá Verðlagsstofu Skiptaverðs byggir á markaðsverðum bæði fyrir hráefni og afurðir, og sveiflast því bæði upp og niður með mörkuðum. Ekki er rétt að ræða Flateyrarverkefnið sem að hluti eigenda Vestfisk Súðavík eru aðilar að í tengslum við sérreglur um úthlutun byggðakvóta Súðavíkur, þó svo að bæði verkefnið snúist um að skapa störf á annarsvegar Flateyri og hinsvegar í Súðavík. Flateyrarsamningurinn er við Byggðastofnun og alls óskildur almenna byggðakvótanum.
4. Eigendur Vestfisks einsog annarra fyrirtækja eru sífellt að endurskoða rekstur sinna fyrirtækja, stöðugt þarf að vera á tánum, það er rétt sem fram kemur í greinargerðinni að eitt af því sem rætt var og er verið er að ræða hvernig getum við gert þetta betur, hugsunin á bakvið það sem rætt var við Sveitarstjóra Súðavíkurhrepps var að taka vörur framleiddar á Flateyri og pakka í Súðavík, ásamt því að þurrka hluta vörunnar sem þurrkuð hefur verið í Súðavík á Flateyri. Allt snýst þetta um það umhverfi sem að við búum í kostnað og samkeppni. Það að halda því fram að flytja hefði átt starfsemina alfarið til Flateyrar er í besta falli miskilningur Sveitarstjóra. Hluti af samningum um byggðakvóta og Byggðastofnunarkvóta gengur alltaf útá að búa til störf og eða að verja störf.
5. Við erum sammála sveitarstjórn Súðavíkur að ekki þýðir að vona að Frosti og rækjuvinnslan komi aftur það mun ekki gerast, verkefnið á að snúast um að búa til eitthvað úr því sem við höfum og reyna að gera það vel, svo allir geti sagt ég tók þátt í þessu. Undirritaður skynjaði þá óánægju sem kom fram þegar ekki var hægt að taka á móti fiski í einhver skifti, það er hinsvegar þannig að kaupandinn í þessu tilfelli hefur engin tæki til þess að stýra hráefnisflæðinu inní vinnsluna frá strandveiðibátum, því getur þegar mikið aflast þurft að bregðast við á þennan hátt. Varðandi verðlagninguna þá hefur legið fyrir frá upphafi hvernig henni er háttað, VSS verð fyrir byggðakvótahlutann og markaðstengin fyrir móttframlagið sem að notabene er strandveiðikvóti, dagar sem útgerðir fá úthlutað endugjaldslaust frá stjórnvöldum. Sjái þeir sem til þessa hafa verið aðilar að þessu fyrirkomulagi ekki hag sínum lengur borgið að nýta kvóta sem afhentur er með skilyrðum, þá lýsi ég því yfir að VF getur tekið að sér að veiða allan úthlutaðan byggðakvóta í Súðavík, með þeim skilyrðum sem sett eru á hann um löndunar og vinnsluskyldu.
6. Áður svarað.

7. Restin af bréfinu fellur undir þennan lið. Forsvarsmenn Vestfisks vilja ekki ráðleggja sveitarstjórn Súðavíkur um hvaða sérreglur sveitarstjórn vill setja, ef sveirstjórn trúir því að aflagjaldið vegi þyngra í umræðunni en útsvar þeirra starfsmanna sem fullvinna byggðakvótann þá verður svo að vera, við efumst um þá útreikninga. Við mótmælum því að við rekum ekki raunverulega vinnslu á fiski einsog fram kemur í greinargerðinni, þvert á móti rekum við fullvinnslu á matvælum sem neytt er úr þeim umbúðum sem við pökkum í. Vestfiskur fagnar því að ný fyrirtæki komi til Súðavíkur og lýsir því yfir að við munum nýta okkur þjónustu Fiskmarkaðarins eftir því sem við á.

Að lokum tillaga til lausnar.

1. Vestfiskur kaupir allan afla úr úthlutuðum byggðakvóta.
2. Vestfiski verði áfram gert kleyft að fá úthlutuðum byggðakvóta líkt og síðasta ár í samvinnu við Aurora Seafood
3. Byggðakvóti verði veiddur á tímabilinu 1 september til 30 apríl. Ekki verði veiddur byggðakvóti á strandveiðitímabili. Keypt verði af sjóstangveiðibátum á strandveiðitíma, enda er eðli þess rekstrar að veiðitíminn nær frá apríl frammi október.
4. Fallið verði frá ákvæði um mótframlag aðila til löndunar hjá Vestfisk, Vestfiskur velur hvort hann kaupir á markaðsverðum á strandveiðitímabilinu.

Skýring: Megininntakið í þessu er að fallið er frá því ákvæði sem lýtur að mótframlagi til löndunar, en á sama tíma sett inn skilyrði um löndun á byggðakvóta utan strandveiðitíma.

Að lokum má því benda á að m.t.t. tillögu þeirri sem hér um fjallar verður ekki sé að skilyrðum 10 gr. laga nr. 116/2006 fyrir málefnalegum staðbundnum ástæðum sé fullnægt og það víðsfjarri:

“Fiskiskipum er skylt að landa til vinnslu innan hlutaðeigandi byggðarlaga afla sem nemur í þorskígildum talið tvöföldu magni þeirra aflaheimilda sem þau fá úthlutað skv. 2. tölul. 1. mgr. og skal úthlutun til þeirra ekki fara fram nema að því leyti sem það skilyrði er uppfyllt samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur. Ráðherra er heimilt að fengnum rökstuddum tillögum sveitarstjórnar að víkja frá þessu skilyrði enda sé það gert á grundvelli málefnalegra og staðbundinna ástæðna.”

Er því sveitastjórn beðin um að endurskoða tillögu sína út frá breiðari heildarhagsmunum á svæðinu sem geta mögulega náð settu marki laganna og reglna um byggðakvóta og um leið er Atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytið hvatt til að hafna tillögunni.

.....

Viðingarfyllst fh Vestfisks ehf Súðavík

Óðinn Gestsson framkvæmdastjóri.